

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vallahreppi árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir í þéttbýli	sorphirðugjald	kr.	5 000
Íbúðir í dreifbýli	sorpeyðingargjald	“	2 000
Sumarbústaðir	“	“	1 500
Fyrirtæki flokkur 1	“	“	5 000
“ 2	“	“	15 000
“ 3	“	“	30 000
“ 4	“	“	60 000
“ 5	“	“	120 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 25. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 22. mars 1994 staðfest legu 66 kV háspennulínu/jarðstrengs frá Flúðum að Hellu. Línan liggur um sveitarfélögin Hrunamannahrepp, Gnúpverjahrepp Holta- og Landsveit og Djúpárhrepp, frá aðveitustöð í landi Hrafnkelsstaða í Hrunamannahreppi að aðveitustöð í landi Ægissíðu, Djúpárhreppi.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um. Uppdráttinn hafa ofanefnd sveitarfélög samþykkt og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.